



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Stofnfundur

að samtökum aldraðra og eftirlaunafólks verður
haldinn í Glæsibæ uppi (cafeteríu) í dag 29. þ. m.
kl. 8.30.

Fyrir hönd fundarboðenda.

Auðunn Hermannsson.

Morgunblaðið 29. mars 1973 <www.timarit.is>

Stofnfundur að Samtökum aldraðra var haldinn 29. mars 1973.

Félagar gátu orðið einstaklingar, félög og stofnanir í Reykjavík og nágrenni.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Tilgangur félagsins var:

- Að vinna að velferðarmálum aldraðs fólks á félagssvæðinu.
- Stuðla að byggingu hentugra íbúða fyrir aldraða.
- Vinna að aukningu á sjúkrarými fyrir aldraða, er þurfa hjúkrunar við.
- Stuðla að bættri félagslegri þjónustu hins opinbera við aldraða í heimahúsum.
- Stuðla að samvinnu við hliðstæð félög, innlend og erlend.
- Vinna gegn því, að öldruðum sé íþyngt með óeðlilegum skattaálögum.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Aðalhvatamaður að stofnun félagsins var Auðunn Hermannsson sem kom einnig að stofnun DAS.

Allt fram til ársins 1981 unnu Samtökin fyrst og fremst að almennum velferðamálum aldraðra m.a. að stofnun Múlabæjar, dagvistar fyrir aldraða, 1983 og Hlíðabæjar, sérhæfðrar dagþjálfunar fyrir fólk sem greinst hefur með heilabilunarsjúkdóm, 1986.

Árið 1976 var stofnuð sérstök nefnd á vegum Reykjavíkurborgar til að standa fyrir auknum byggingarframkvæmdum á vegum borgarinnar í þágu aldraðra.

Í samstarfi hennar við Samtök aldraðra voru fyrstu hús byggð á þeirra vegum að Akralandi 1 og 3, samtals 14 íbúðir sem afhentar voru 1984.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Á þessum árum leituðu forsvarsmenn lífeyrissjóða og verkalýðsfélaga fyrirmynda á Norðurlöndum um fjölþætt félagsstarf í þágu aldraðra. Meðal þeirra má nefna Hrafn Magnússon, Benedikt Davíðsson og Snorra Jónsson. Sá áhugi leiddi til þess að í mars 1986 var stofnað Félag eldri borgara í Reykjavík.

Markmið félaganna eru náskyld og samstarf þeirra hefur verið með ágætum. Bæði félögin vinna að byggingu íbúða fyrir aldraða en Félag eldri borgara hefur breiðara starfssvið sem hlúir að hvers konar áhugamálum eldra fólks.

Samtök aldraðra nutu lengi mikilsverðs stuðnings hjá kjörnum fulltrúum Reykjavíkurborgar. Meðal þeirra má nefna Pál Gíslason, lækni og skátahöfðingja, Alfreð Þorsteinsson og Vilhjálm Vilhjálmsson.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Upp úr samstarfi Samtakanna við nefnd Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir aldraða hófst mjög árangursríkt samstarf þeirra og verktakafyrirtækisins Ármannsfells með þeim árangri að reist voru á árunum 1986-1992 fjögur hús með sérstökum íbúðum fyrir aldraða í Bólstaðahlíð 41 og 45, við Dalbraut 18-20, Aflagranda 40 og Sléttuveg 11-13, þar sem borgin lagði til þjónustuaðstöðu, en Samtökin sáu um alla framkvæmd að öðru leyti.

Þjónustuaðstaðan veitti tækifæri reksturs mótuneyta og margvíslegrar félagsstarfsemi.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Fyrsta lóð sem Samtök aldraðra fengu í sjálfstæðri úthlutun, þ.e. án þess að verktaki fylgdi með, var undir húsið Dalbraut 16 árið 1997.

Síðan voru byggðar samstæður að Dalbraut 14-16, Sléttuvegi 19-21-23 og Sléttuvegi 29-31.

Samtökin hafa lengi barist fyrir byggingu hjúkrunarheimilis og þjónustmiðstöðvar við Sléttuveg 25-27 og þær byggingar eru nú loks að rísa í samvinnu DAS, Reykjavíkurborgar og ríkisins.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Þrátt fyrir brýna þörf hafa Samtökin ekki fengið nýja lóð hjá Reykjavíkurborg síðan 2009, fyrr en nú að Austurhlíð 10 við hlið fyrri húsa Samtakanna að Bólstaðarhlíð 41 og 45 og þjónustumiðstöðvar Borgarinnar að Bólstaðarhlíð 43.

Hins vegar byggðu Samtökin hús að Kópavogstúni 2-4 og Kópavogsgerði 5-7 í samstarfi við verktakafyrirtækið Dverghamra. Þar var fyrirhugað að íbúar ættu aðgang að þjónustumiðstöð í Sunnuhlíð en af því hefur enn ekki orðið eftir að ríkið tók rekstur hennar yfir.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Með húsunum við Austurhlíð 10, sem afhenda á í apríl 2021, verða íbúðir fyrir aldraða sem Samtökin hafa byggt orðnar 512.

Í þeim búa um 700 – 800 manns við meðalaldur um 84 ár.

Í fyrstu fundargerðum Samtaka aldraðra kemur fram að þau hafi verið stofnuð sem byggingarsamvinnufélag og einbeiti sér að því mikilvæga verkefni að búa öldruðum gott ævikvöld í íbúðum sem henta þeim sérstaklega.

Áhersla hefur verið lögð á að fá borgaryfirvöld til að úthluta lóðum undir íbúðir fyrir eldri borgara sem jafnframt hefðu tengingu við þjónustusel.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Hús byggð á vegum Samtaka aldraðra

Staður	Fjöldi íbúða	Afhent	Þjónusta
(Akraland 1-3)	14	1984	Ath. Klufu sig út úr Samtökunum.
Bólstaðarhlíð 41 og 45	66	1986 og 1987	Húsvörður í fullu starfi. Þjónustusel byggt og rekið af Reykjavíkurborg er milli húsanna í nr. 43
Dalbraut 18-20	47	1987	Húsvörður í fullu starfi. Þjónustusel byggt og rekið af Reykjavíkurborg er milli húsanna.
Aflagrandi 40	61	1989	Þjónustusel byggt og rekið af Reykjavíkurborg er í húsinu.
Sléttuvegur 11-13	51	1992	Húsvörður í fullu starfi. Þjónustusel byggt og rekið af Reykjavíkurborg er í húsinu.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Hús byggð á vegum Samtaka aldraðra

Staður	Fjöldi íbúða	Afhent	Þjónusta
Dalbraut 16	22	1999	
Dalbraut 14	27	2003	Húsvörður í hálfu starfi.
Sléttuvegur 19-21-23	70	2007	Húsvörður í fullu starfi.
Sléttuvegur 29-31	58	2011	Húsvörður í fullu starfi.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Hús byggð á vegum Samtaka aldraðra

Staður	Fjöldi íbúða	Afhent	Þjónusta
Kópavogstún 2-4	28	2013	Kópavogi. Tengsl við þjónustumiðstöðina Sunnuhlíð gengu ekki eftir.
Kópavogsgærði 5-7	22	2016	Kópavogi. Tengsl við þjónustumiðstöðina Sunnuhlíð gengu ekki eftir.
Austurhlíð 10	60	2021	Tengt við Þjónustusel Reykjavíkurborgar að Bólstaðarhlíð 43.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.



Sléttuvegur 11 – 13, hús byggt 1992



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.



Sléttuvegshverfið, hús 29-31 í byggingu 2010.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Kópavogstún 2-4



Kópavogstún 2-4, hús byggt 2013



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.



Austurhlíð 10

Samtök aldraðra

12.12.2018



Austurhlíð 10, hús í byggingu



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.



Austurhlíð 10, hús í byggingu



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Samtökin vilja byggja vandaðar íbúðir með rúmgóðum bað- og svefnherbergum, lyftu, sameiginlegu rými fyrir félagsstarf og ýmsa þjónustu, og tryggja að fólk í hjólastólum geti ferðast um allt húsið,. Göngustígar eru upphitaðir. Rúmgóð stæði í upphitaðri bílgeymslu fylgja öllum íbúðum sem byggðar eru í dag.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Félagsmenn geta orðið allir sem eru 50 ára og eldri og eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Hjón greiða eitt árgjald. Þeir sem hafa náð 60 ára aldri geta fengið úthlutað nýrri íbúð eða keypt eldri íbúð sem reist er á vegum félagsins. **Nýjar íbúðir eru seldar á kostnaðarverði auk 1% gjalds sem rennur varasjóð félagsins. Söluverð íbúðar í endursölu má aldrei vera hærra en upphaflegt kostnaðarverð eignar** (stofnkostnaður) að viðbætti verðhækkun/lækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, með hliðsjón af viðskeytingu, lagfæringu og ástandi hennar samkvæmt mati matsmanns félagsins eða dómkvadds matsmanns-/matsmanna.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Sá sem lengst hefur verið í félaginu og á hæsta tilboð (þó eigi hærra en framreiknað verð) á fyrsta kauprétt og þannig koll af kalli.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel fyrir félagið og félagsmenn sbr. síðustu úthlutun íbúða í Austurhlíð 10 til félagsmanna nú í janúar s.l.

Á valfundi með um 300 félögum sem haldinn var 30. janúar völdu 54 félagar sér íbúð, skrifuðu undir byggingarsamning stuttu seinna og greiddu staðfestingargjald 10% af áætluðum byggingarkostnaði.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Samtök aldraðra bsvf voru stofnuð til að mæta skefjalausri „græðgisvæðingu“ íbúðamarkaðarins gagnvart öldruðum. Byggingameistarar nýttu sér þetta markaðsástand. Aldraðir, sem höfðu safnað alla ævi til efri áranna, þurftu að sæta því að setja sína síðustu krónu í byggingarfyrirtæki, sem seldi íbúðir yfirleitt á almennum markaðsverði en ekki kostnaðarverði.

Samtök aldraðra hafa það hins vegar að markmiði **að byggja góðar og vandaðar fasteignir á kostnaðarverði** eins og áður segir **og tryggja að þær haldist á kostnaðarverði við endursölu**, til hagsbóta fyrir aldraða sem þurfa að kaupa íbúðir. Félagsmenn Samtakanna eru að fá fasteignir á mun betri kjörum en almennt gengur og gerist. Það getur munað verulegum fjárhæðum, s.s. 5 – 8 milljónum á hverja íbúð.



Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra bsvf.

Reykjavíkurborg á miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag hingað til. En það má gera betur ef duga skal. Nú eru væntanlegir á húsnæðismarkaðinn stórir árgangar af öldruðum á næstu árum og þá þarf Reykjavíkurborg að gefa þjónustunni við aldraða meiri gaum. Það er þjóðhagslega hagkvæmt að gera öldruðum kleift að búa sem lengst í eigin íbúð. Það verður hins vegar ekki gert nema með lágmarkspjónustu frá borginni líkt og í þjónustumiðstöðvunum á Aflagranda 40, Bólstaðahlíð 41-45 og þeirri sem nú er í byggingu á Sléttuveginum.